

Ed.

962. Frumvarp til laga

[229. mál]

um breyting á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 518 með þessum breytingum:

18. gr. hljóðar svo:
19. gr. laganna orðast svo:
- 19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn.
1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og starfsreynslu í heilbrigðiseftirliti.
 2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði örveru- og/eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði rannsókna á matvælum og neyslu- og nauðsynjavörum.
 3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði mengunarvarna.
 4. Forstöðumaður eiturefnaeftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu á eiturefnafræði og starfsreynslu á því sviði.
- 19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn til sex ára að fengnum tillögum stjórnar.
- 19.3. Forstöðumenn sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

33. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1988. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 109/1984 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Starfsreglur skv. 17. gr. skulu taka gildi við gildistöku laganna.
2. Innan árs frá gildistöku laga þessara skal á vegum Hollustuverndar ríkisins (heilbrigðiseftirlits og eiturefnaeftirlits, sbr. 2. og 5. tölul. 17. gr.) komið upp innflutningseftirliti með matvælum og öðrum neysluvörum, svo og nauðsynjavörum sem innihalda eiturefni- eða hættuleg efni.
3. Þegar í stað skal hafist handa við uppbyggingu aðstöðu innan rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins til að annast efnafræðilegar rannsóknir vegna almenns heilbrigðiseftirlits, eftirlits með matvælum og öðrum neysluvörum, mengunarvarna og eiturefnaeftirlits. Áætlun um þessa uppbyggingu skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi þings haustið 1988. Áætlunin skal miðast við að aðstaða á öðrum rannsóknastofum í landinu verði nýtt eftir því sem frekast er kostur.
4. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.